# Dómvörður/öryggisvörður

**Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir að ráða dómvörð/öryggisvörð í fullt starf**

Leitað er að traustum einstaklingi til að gæta öryggis starfsmanna, viðskiptavina og gesta dómhússins. Viðkomandi þarf að vera vel á sig kominn, bæði andlega og líkamlega.

**Starfssvið**

- Gæta öryggis starfsmanna, viðskiptavina og gesta dómhússins
- Eignavarsla, umsjón og eftirlit með öryggiskerfum og öðrum öryggismálum hússins
- Bregðast við frávikum í öryggismálum í samræmi við verklagsreglur og þjálfun
- Aðstoð við viðskiptavini, gesti, þjónustuaðila og aðra þá sem erindi eiga í dómhúsið
- Varsla í dómsölum eftir óskum dómara hverju sinni

**Hæfniskröfur**

- Reynsla og þekking á sambærilegum störfum, s.s. öryggis- eða húsvörslu
- Iðnmenntun á byggingasviði og þekking á byggingatæknilegum atriðum er kostur
- Líkamlegt og andlegt atgervi til að mæta óvæntum uppákomum í starfseminni
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta
- Almenn tölvufærni, þekking á Outlook og Word
- Lágmarksaldur 25 ár

Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð og vera tilbúinn að leggja fram útprentaða málaskrá frá lögreglu.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

S A F

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

**Samtök ferðaþjónustunnar óska eftir að ráða framkvæmdastjóra.**

Starfið er krefjandi og fjölbreytt leiðtogastarf. Mikil uppbygging ferðamála er framundan og þörf er á öflugum einstaklingi. Ert þú í sóknarhug af sama eldmóði og ferðaþjónustan?

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Talsmaður SAF
- Dagleg stjórnun SAF
- Eftirfylgni ákvörðunar stjórnar, stefnu og aðgerðaráætlunar SAF
- Samskipti við hagsmunaaðila, stjórnvöld, fjölmiðla og félagsmenn
- Kynningarmál
- Gerð kjarasamninga í samvinnu við SA

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Árangursrík stjórnunarreynsla
- Miklir frumkvæðis- og skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Þekking á kjaramálum er kostur
- Traust og trúverðug framkoma
- Góð færni í íslensku og ensku

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og settur fram rökstuðningur fyrir hæfni og áhuga viðkomandi í umræddu starfi. **Umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

## Upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir,
katrin@hagvangur.is

Sverrir Briem,
sverrir@hagvangur.is.

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 4. september nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Sölufólk í verslun

**fullt starf og hlutastörf um kvöld og helgar**

**ERT ÞÚ eldhress, drífandi og með ríka þjónustulund?**
**ÞÁ ERT ÞÚ starfskrafturinn sem við viljum vinna með. Aðalverkefnin eru ráðgjöf, sala og þjónusta við viðskiptavini ásamt vöruframsetningu**

**HÆFNISKRÖFUR**

- Reynsla af verslunarstörfum
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Brennandi áhugi á sölumennsku
- Þolinmæði, stundvísi og skipulagshæfileikar

**jens@byggtogbuid.is svarar umsóknum til 31.ágúst**

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

---

LímtréVírnet

## Málmiðnaðarmenn vantar

Límtré Vírnet ehf í Borgarnesi óskar eftir að ráða starfsmenn í járnsmiðju og blikksmiðju fyrirtækisins. Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun í vélvirkjun/stálsmíði, blikksmíði eða öðrum sambærilegum greinum. Einnig kemur til greina að ráða menn vana járnsmíðavinnu eða blikksmíði.
Um framtíðarstörf er að ræða.
Verkefni eru fjölbreytt, bæði í nýsmíði og viðhaldsvinnu, og fer mikið af vinnunni fer fram inni í smiðjum, en einnig er talsvert unnið úti hjá viðskiptavinum.
Umsóknarfrestur er til 27. ágúst 2013.
Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn í síma 412 5302 eða alli@limtrevirnet.is.

**Umsóknarfrestur er til 27. águst 2013**

---

Proact

## Snyrtivörur – sala og ráðgjöf

Proact er faglegt og framsækið fyrirtæki sem býður upp á sterk vörumerki fyrir hársnyrtistofur og snyrtistofur. Okkar markmið er að styðja vel við okkar viðskiptavini með góðri þjónustu og reglulegum námskeiðum. Helstu vörumerki fyrir snyrtistofur eru [comfort zone] og LYCON.
Um er að ræða hlutastarf 40-60%, fyrri hluta vikunnar, sem getur farið vel með hlutastarfi á snyrtistofu. Viðkomandi mun fá fræðslu og þjálfun hjá erlendum samstarfsfyrirtækjum.

**Starfssvið:**
- Samskipti við snyrtistofur
- Ráðgjöf um notkun á vörum
- Vinna við kynningarefni
- Kynningar og námskeið fyrir viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Fagmenntun í snyrtifræðum
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, dugnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af sölustörfum er kostur

TALENT RÁÐNINGAR
Linnetsstíg 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

---

## LAUSAR STÖÐUR HJÁ LANGANESBYGGÐ

**Stærðfræðikennari óskast.**

Vegna forfalla auglýsir Grunnskólinn á Þórshöfn eftir öflugum stærðfræðikennara fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Um er að ræða 100% stöðu kennara og um framtíðarstarf er að ræða.
Í skólanum okkar er unnið öflugt þróunarstarf þar sem allir starfsmenn eru þátttakendur. Áhersla er lögð á virðingu og vinsemd í skólastarfinu þannig að nemendur okkar upplifi sem mesta vellíðan á vinnustaðnum sínum.
Skólinn leggur einnig áherslu á einstaklingsmiðað nám og fjölbreytta kennsluhætti.
Á Þórshöfn búa um 400 manns og í skólanum okkar eru um 70 nemendur. Á staðnum er góð íþróttaaðstaða, öflugt ungmennafélag, öll helsta þjónusta og góðar samgöngur bæði í lofti sem láði.
Sveitarfélagið aðstoðar við að útvega húsnæði.

**Við hlökkum til þess að heyra frá þér –**
því hver veit nema Þórshöfn sé einmitt staðurinn fyrir þig!

**Ingveldur Eiríksdóttir**
Skólastjóri
ingveldur@thorshafnarskoli.is
852 6264

---

SKÍÐASAMBAND ÍSLANDS

## Framkvæmdastjóri Skíðasambands Íslands

*Skíðasamband Íslands (SKÍ) fer með sérgreinamálefni skíðaíþróttarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Skíðasamband Íslands er samband skíðaráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga, og eiga þau félög innan ÍSÍ er iðka skíðaíþróttina og keppa í henni rétt á aðild að SKÍ.*

*Tilgangur SKÍ er að hafa yfirstjórn á málefnum skíðaíþróttarinnar á Íslandi og vinna að eflingu hennar. SKÍ kemur fram út á við fyrir hönd ÍSÍ á sviði skíðaíþróttarinnar*

*Nánari upplýsingar um SKÍ má finna á **www.ski.is***

Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra Skíðasambands Íslands (SKÍ). Framkvæmdastjóri gegnir lykilhlutverki í starfi sambandsins og hefur yfirumsjón með daglegum rekstri þess. Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn SKÍ. Skíðasamband Íslands hefur aðsetur á Akureyri.

**Helstu verkefni**

- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri, s.s. fjármál, gerð fjárhags- og starfsáætlana og umsjón með heimasíðu
- Samskipti við aðildarfélög SKÍ,ÍSÍ, Alþjóða skíðasambandið, opinberaaðila og aðra aðila tengda starfsemi sambandsins
- Fylgir eftir og innleiðir stefnu SKÍ
- Vinnur að útbreiðslu skíða- og brettaíþróttarinnar
- Vinnur með landsliðsþjálfurum í verkefnum landsliða
- Veitir upplýsingar og starfar með stjórn, nefndum og aðildarfélögum
- Vinnur að öflun styrktaraðila fyrir SKÍ
- Samræmir verkefni og fylgir þeim eftir

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af íþrótta- og félagsstarfi er kostur
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta, í töluðu og rituðu máli
- Haldgóð tölvukunnátta
- Reynsla af stjórnun er æskileg

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Þór Bjarnason formaður stjórnar SKÍ í netfanginu **einar@ski.is**. Umsóknarfrestur er til og með 2. september. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.*

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Capacent Ráðningar

# MANNAUÐSSÉRFRÆÐINGUR

Starfsmennt FRÆÐSLUSETUR

Fræðslusetrið Starfsmennt býður opinberum starfsmönnum upp á starfstengda símenntun og veitir stofnunum heildstæða þjónustu á sviði starfsþróunar. Þjónustan er sérsniðin að þörfum þátttakenda um allt land í krafti faglegs samstarfsnets og öflugs vefkerfis. Starfsmennt er samstarfsvettvangur starfsmanna og stjórnenda þar sem unnið er að þróun þekkingar og þjálfunar í þágu einstaklings og samfélags.

**Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stéttarfélaga innan BSRB um símenntun, ráðgjöf og starfsþróun opinberra starfsmanna. Setrið þróar og heldur utan um starfstengt nám um allt land og veitir stofnunum ráðgjöf á sviði mannauðseflingar. Upplýsingar um starfsemi og hlutverk Starfsmenntar má finna á www.smennt.is.**

**Starfssvið:**

- Greining á stöðu mannauðsmála innan stofnana
- Þróun og framkvæmd mannauðsúrræða
- Samhæfing verkefna með hagsmunaaðilum
- Fræðsla til stjórnenda og starfsmanna
- Kynningar- og markaðsstarf
- Þátttaka í innlendum og erlendum þróunarverkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í mannauðstengdum greinum og meistaranám er kostur
- Starfsreynsla á sem flestum þáttum starfssviðs
- Greiningarhæfileikar
- Farsæl reynsla af því að setja sig inn í ólíkar aðstæður
- Sannfæringakraftur, áhugi og geta til að fylgja verkefnum eftir
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Gott vald á íslensku og ensku

**Umsóknarfrestur er til og með 4. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

# Skrifstofustarf - 50%

**566157**
**Geysir óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu sína.**

GEYSIR

Um er að ræða starf við skráningar á birgðum ásamt tilfallandi verkefnum.

Leitað er að einstaklingi sem er drífandi, nákvæmur og skipulagður. Góð enskukunnátta og starfsreynsla á Navision skilyrði. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.
Um 50% starfshlutfall er að ræða og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Eld Smiðjan



# Viltu stýra skútunni?

**Okkur vantar öfluga aðstoðar veitingastjóra til starfa á Eldsmiðjunni.**

Viðkomandi þarf að búa yfir skipulagshæfni, eldmóði og félagslyndi. Um er að ræða vaktavinnu og starfshlutfallið er 100% eða 72%.

Ef þú hefur gaman af fólki og góðum mat, ert eldri en 25 ára og vilt vinna hjá traustu og skemmtilegu fyrirtæki með einstakan starfsanda — þá skaltu endilega sækja um.

**Sæktu um hér:**
atvinna@foodco.is — umsokn@foodco.is

# GAGNANÖRD
## MEÐ XML ÞEKKINGU

**Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðing á upplýsingatæknisvið til liðs við öflugt þróunarteymi. Við leitum að duglegum og lærdómsfúsum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á viðskiptagreind og hagnýtingu gagna.**

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun eftirlitshugbúnaðar og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Einnig hefur sviðið eftirlit með upplýsingatæknikerfum eftirlitsskyldra aðila og sinnir rannsóknarhlutverki. Samstarf er við bæði innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir um ýmis verkefni. Í boði er krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

### Starfssvið
- Skilgreining á gagnamódelum, gæðareglum og skemum (XML schema)
- Innleiðing á gagnaskilum til eftirlits með XML og XBRL staðli
- Þróun á gagnaskilakerfi FME
- Þróun á vöruhúsi gagna
- Önnur tilfallandi og tengd verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Viðeigandi háskólapróf í verkfræði, tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum
- Þekking og/eða reynsla af XML
- Reynsla og þekking á aðferðarfræði við mat á gæðum gagna
- Reynsla af fjármálamarkaði er kostur
- Jákvæðni, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Áhugi á að vinna í Agile vinnukerfi með góðu teymi sem sífellt leitar leiða til að bæta sig

*Fjármálaeftirlitið er lykilstofnun í íslensku efnahagslífi og samfélagi. Innan þess fer nú fram mikið uppbyggingar- og umbótastarf sem miðar að því að styrkja eftirlit og taka þannig þátt í að byggja upp traust og trúverðugt fjármálakerfi á Íslandi.*

Umsjón með ráðningu hafa Jón Andri Sigurðarson framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs (jonandri@fme.is) og Erla Traustadóttir sérfræðingur á mannauðssviði (erlat@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, eða á Starfatorgi, www.starfatorg.is. Umsóknarfrestur er til og með 9. september.

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# Starfagátt STARFs

## Atvinnuleitendur

**Flest auglýst störf í landsfjölmiðlum má finna á einum stað í lista á vefsíðu STARFs**

**www.starfid.is**

STARF
VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur sem eru félagar í tilteknum stéttarfélögum. Þjónustan fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 14 atvinnuráðgjafar STARFs. Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinnt við margvísleg vinnumarkaðsúrræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til starfa. Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is



# MÚRBÚÐIN LEITAR STARFSMANNA

Múrbúðin óskar að ráða í eftirtalin störf:

- **Starfsmaður á kassasvæði, 70-100% starf.**
  Leitað er að einstaklingi til að afgreiða á kassa og sjá um kassasvæði. Samsviskusemi, metnaður og þjónustulund.
- **Starfsmaður til að sjá um viðgerðir á vélum og tækjum 5-10 tímar í viku.**
  Reynsla og geta til að sjá um tækjaviðgerðir. Tilvalið fyrir eftirlaunaþega!

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar á netfangið: *sala@murbudin.is*

MÚRBÚÐIN

# Sérfræðingur í fjármáladeild

**Kópavogsbær óskar eftir sérfræðingi í fjármáladeild.**
Fjármáladeild er hluti af stjórnsýslusviði Kópavogsbæjar, en stjórnsýslusviðið annast öll sameiginleg verkefni fyrir stofnanir bæjarins. Í fjármáladeild er unnið allt bókhald bæjarins, fjárhagslegar greiningar, áætlanir, ársuppgjör og árshlutauppgjör. Fjármáladeild sér einnig um innheimtu á kröfum bæjarins, fjármögnun hans og fjárstýringu. Þar er leitast við að nota hagkvæmustu tækni til að tryggja skilvirkni og öryggi í meðhöndlun gagna. Nú leitum við að samstafsmanni, sem vill takast á við krefjandi verkefni af fagmennsku og jákvæðni með samhentum hópi lífsglaðra einstaklinga.

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Viðskiptafræðingur af fjármála- eða endurskoðunarsviði.
- Mjög góð þekking á og reynsla af fjárhagskerfum og teningalausnum þeim tengdum.
- Kópavogsbær notar Dynamics NAV fjárhagskerfi.
- Mjög góð þekking á Excel og Word
- Mjög góð þekking af gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga. Reynsla af reikningshaldi sveitarfélaga kostur.
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga ásamt lögum um virðisaukaskatt og reglum um undanþágur fyrir sveitarfélög.

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar *www.kopavogur.is***

**Frekari upplýsingar**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KVH

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2013.**

Upplýsingar gefur Ingólfur Arnarson, fjármála- og hagsýslustjóri í síma 570-1500, eins má beina fyrirspurnum á póstfang: *ingolfura@kopavogur.is*

**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.**

KÓPAVOGSBÆR

***www.kopavogur.is***

## - Persónulegur aðstoðarmaður -

Óska eftir persónulegum aðstoðarmanni í hlutastarf.
Er búsettur í Mosfellsbæ og er hreyfihamlaður.
Allar nánari upplýsingar eru á vef NPA miðstöðvarinnar, www.npa.is, undir liðnum Störf, auglýsing **„Aðstoðarmaður óskast (MOS4)“.**



*Rammagerðin auglýsir eftir vönum prjónakonum til að taka þátt í spennandi prjónaverkefni.*

*Áhugasamir hafi samband við Andreu í síma 535 6692, milli kl. 12–14, mánudag og þriðjudag 26. og 27. ágúst.*

*Rammagerðin er ein elsta gjafavöruverslun landsins og hefur selt íslenskt handverk síðan 1940*

RAMMAGERDIN
Iceland Gift Store

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Yfirþroskaþjálfi

**Félagið óskar eftir yfirþroskaþjálfa til starfa á heimili í Langagerði.**

Um er að ræða 70% starf, aðallega í dagvinnu.
Staðan er laus frá 1. september 2013.

Yfirþroskaþjálfi ber m.a. ábyrgð á faglegu starfi og skipulagi í samstarfi við íbúa og forstöðumann. Hann aðstoðar íbúa í daglegu lífi og sinnir stuðningi við þá samkvæmt óskum og þörfum þeirra hverju sinni.

Upplýsingar gefur Margrét Kristín Guðnadóttir í síma 551-4478 og gsm. 699-8409. Umsókn á að senda á netfangið margret@styrktarfelag.is.
Einnig má nálgast upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 414-0500 og á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

# VILTU VERÐA BÁTAMEISTARI?

## Okkur vantar starfsfólk á vaktir á staði okkar á höfuðborgarsvæðinu og í Vestmannaeyjum.

Um er að ræða hlutastörf á daginn, kvöldin og á nóttunni. Tilvalið með skóla.

**Umsóknarform má finna á www.subway.is**

Hlökkum til að heyra frá þér!



SUBWAY®

# Rafvirki

**Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða rafvirkja til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.**

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði, afgreiðslu varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf á þjónustuverkstæði okkar.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum **rafvirkja** eða **manni með sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf **fyrir þriðjudag 3. september**.

**Umsóknareyðublöð** fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, **www.sminor.is**.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Við viljum þá bestu!

**Umsóknir sendast á atvinna@netgiro.is, umsóknarfrestur rennur út 02.09. 2013.**

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Netgíró, Þorsteinn Gísli, í síma 4 300 330 og með tölvupósti tgh@netgiro.is.

Netgíró leitar að öflugum viðskiptastjórum og þjónustustjóra til starfa hjá fyrirtækinu. Við sækjumst eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingum sem geta axlað ábyrgð og tekist á við mjög krefjandi verkefni.

### STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ VIÐSKIPTASTJÓRA

Viðskiptastjóri sinnir sölu og þjónustu við viðskiptavini, ásamt ráðgjöf og ýmsum öðrum sérverkefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur viðskiptastjóra:**
- Menntun á sviði viðskipta eða tækni
- Reynsla af viðskiptastjórnun, ráðgjöf og sölu til fyrirtækja æskileg
- Frumkvæði, metnaður og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta

### STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ ÞJÓNUSTUSTJÓRA

Þjónustustjóri þjónar viðskiptavinum Netgíró, jafnt fyrirtækjum sem neytendum, ásamt því að sinna ýmsum öðrum sérverkefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur þjónustustjóra:**
- Menntun á sviði viðskipta
- Reynsla af þjónustustjórnun æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og öguð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Sími 4 300 330 www.netgiro.is

Netgíró

» Ráðningarþjónusta

# Vélvirki/Bifvélavirki



Fyrirtæki á sviði sölu- og þjónustu við vélar og tæki á sviði landbúnaðar, vélaverktaka, sveitarfélaga ofl. óskar eftir að ráða einstakling vanan viðgerðum til starfa.

Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 18:00 frá mánudegi til fimmtudags og frá kl. 08:00 til kl. 16:00 á föstudögum.

» **Starfssvið**

Starfið er fólgið í almennum viðgerðum á vinnuvélum, dráttarvélum og landbúnaðartækjum.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



## Flugumferðarstjórn

Vertu tilbúin/n fyrir gott framtíðarstarf. Nám í flugumferðarstjórn hefst í haust, 16.september og lýkur 18. apríl 2014. Námið skiptist í þrjá fasa og er lánshæft hjá LÍN. Góðir atvinnumöguleikar.

Flugskóli Íslands Tækniskólinn 15 ár í faginu

www.facebook.com/flugskoli www.flugskoli.is



FRÍSTUNDAHEIMILI
GRUNNSKÓLAR
LEIKSKÓLAR

VILTU MÓTA **FRAMTÍÐINA** MEÐ OKKUR?

Við leitum að fólki á öllum aldri af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

óskar eftir fólki til starfa við fjölbreytt störf með börnum og unglingum. Undir sviðið heyrir meðal annars rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Hlutverk skóla- og frístundasviðs er að veita börnum og ungmennum í Reykjavík bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

**Í boði eru bæði heilsdagsstörf og hlutastörf.**

**Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/storf**



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# World Class



## Við óskum eftir aðstoðarmanni í eldhús

Vinnutími:
kl.07:00 - kl.15:00 alla virka daga

Umsækjandi þarf að hafa mikinn áhuga á matreiðslu, vera skipulagður og hafa góða hæfileika í mannlegum samskiptum. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá til gisli@worldclass.is fyrir 28. ágúst 2013.

LAUGAR café

REYKJALUNDUR endurhæfing

## Yfirlæknir offituteymis

**Laus er til umsóknar staða yfirlæknis offituteymis á Reykjalundi.**

Um er að ræða stöðu sérfræðings í læknisfræði sem æskilegt er að hafi sérmenntun í endurhæfingarlækningum. Önnur sérsvið sem tengjast viðfangsefninu koma einnig til greina (lyflækningar, innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar).

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og Reykjalundar.

Umsóknir berist til Magnúsar Ólasonar, framkvæmdastjóra lækninga, sem einnig gefur upplýsingar um starfið, magnuso@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 15. september 2013.**
Æskilegt er að umsækjand geti hafið störf hið fyrsta.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Óskað er eftir einstaklingi með færni í samskiptum, sem getur haft frumkvæði og verið sjálfstæður í starfi auk þess að hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu innan endurhæfingar.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

crinis /// hár

## Nú er rétti tíminn!

Crinis hár hefur laust pláss í stólaleigu
í frábæru umhverfi og með góðan starfsanda.

Upplýsingar í síma 557-4600 og 820-1011

ALÞINGI

## Starfsmaður í ræstingu

Skrifstofa Alþingis auglýsir
eftir starfsmanni í ræstingu í fullt starf.
Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.




# Hugbúnaðarsérfræðingar

Marel leitar að öflugum hugbúnaðarsérfræðingum með bakgrunn í kerfis-, tölvunar- eða verkfræði til að starfa við þróun, sölu, ráðgjöf og innleiðingu á Innova kerfishugbúnaði frá Marel. Við leitum að fólki með góða samskiptahæfni sem hefur gaman af teymisvinnu í hröðu og skapandi alþjóðlegu umhverfi.

Innova er einn öflugasti kerfishugbúnaður sem notaður er fyrir framleiðslueftirlit og framleiðslustýringu í matvælaiðnaði. Yfir 600 Innova kerfi eru í notkun í helstu matvælafyrirtækjum heims. Nú starfa yfir 50 manns við að styðja ört stækkandi viðskiptahóp og öflugt Innova dreifikerfi Marel.

## Forritari í söluverkefni

**Starfssvið:**
- Greining, hönnun og forritun
- Innleiðing kerfa hjá viðskiptavinum
- Stuðningur við öflugt þjónustunet Marel

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af forritun og hugbúnaðargerð
- Góð þekking á Visual Studio, C# og MS SQL Server

## Kerfisráðgjafi

**Starfssvið:**
- Uppsetning, kennsla, þjónusta og ráðgjöf vegna vinnslukerfa
- Greiningar og breytingar á framleiðsluferlum
- Aðstoð við þjónustusérfræðinga dótturfyrirtækja Marel
- Verkefnastjórnun

**Hæfniskröfur:**
- Færni í Microsoft SQL gagnagrunnum og netkerfum
- Hæfni í að greina framleiðsluferli
- Færni í að leiða verkefni

## Söluráðgjafi gæðakerfa

**Starfssvið:**
- Ráðgjöf við innleiðingu gæða- og framleiðslueftirlitskerfa í matvælaiðnaði
- Greining á viðskiptatækifærum
- Almenn söluráðgjöf og gerð tilboða
- Gerð markaðs- og söluefnis

**Hæfniskröfur:**
- Menntun og/eða starfsreynsla á sviði gæðakerfa við matvælavinnslu
- Reynsla af sölustörfum
- Mikil þekking og brennandi áhugi á tæknilausnum og upplýsingatækni

Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.
Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jens Bjarnason, jens.bjarnason@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 500 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com



marel

# ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## BYGGINGARVERKFRÆÐINGAR - NOREGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða byggingarverkfræðinga eða byggingartæknifræðinga til starfa við framkvæmdir í Noregi. Um er að ræða fjölbreytt verkefni og þátttöku í stjórnun framkvæmda.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði byggingarverkfræði er skilyrði.

**Meðal verkefna:**

- Verkefnastjórnun.
- Landmælingar.
- Samningar við innlenda og erlenda birgja.
- Úrlausn tæknilegra verkefna.

## MÆLINGAMENN

ÍSTAK óskar eftir að ráða mælingamenn til starfa. Um er að ræða landmælingar á framkvæmdasvæðum fyrirtækisins á Íslandi og í Noregi.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegum störfum.

**Upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðufljóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um störfin á www.istak.is – undir „Starfsumsókn“ fyrir 30. ágúst næstkomandi.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

## Yfirvélstjóri óskast á rækjuvinnsluskipið Magnús Ágústsson ÞH 76.



**Vél Caterpillar 738kW**

**Frekari upplýsingar veitir Gissur Baldursson skipstjóri í síma 690 1652**

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur | Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

## Umsjónarmaður dekkjaverkstæðis
## Framtíðarstarf í Reykjavík

Við leitum að fjölhæfum og metnaðarfullum einstakling sem getur sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla í umfelgun, dekkjaviðgerðum og birgðahaldi hjólbarða.
- Grunn tölvukunnátta.
- Stundvísi.
- Þjónustulund.
- Meirapróf kostur.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til:**
atvinna@holdur.is fyrir 1. september næstkomandi.

Höldur ehf - Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins með um 3000 bíla í rekstri þegar mest er og sextán afgreiðslustaði um allt land. Hjá fyrirtækinu starfar afar samhentur hópur um 150 starfsmanna að því sameiginlega markmiði að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna á íslenskum bílaleigumarkaði, ávallt með lipurð og sveigjanleika að leiðarljósi.

www.kronan.is



# Vaktstjóri

## Lausar eru til umsóknar stöður vaktstjóra í Krónunni Mosfellsbæ, Árbæ, Vallarkór og Reykjavíkurvegi

**Hæfniskröfur:**

- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund

**Starfslýsing:**

- Þjónusta við viðskiptavini
- Verkstjórnun og þjálfun starfsfólks
- Ábyrgð og umsjón með fjármunum
- Vera staðgengill verslunarstjóra í fjarveru hans

Umsóknarfrestur er til 1. september 2013

**Sótt er um störfin á: www.kronan.is**

KRÓNAN – óskar eftir þér!

EXPO • www.expo.is

ÓBYGGÐANEFND

## LÖGFRÆÐINGUR

**Óbyggðanefnd auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu nefndarinnar. Um er að ræða fullt starf.**

Óbyggðanefnd er úrskurðarnefnd á stjórnsýslustigi, skipuð af forsætisráðherra, og hefur það hlutverk að skera úr um eignarréttarlega stöðu lands á grundvelli laga nr. 58/1998. Helsta hlutverk skrifstofunnar er að undirbúa úrskurði nefndarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipuleg vinnubrögð.
- Mjög gott vald á rituðu máli.
- Samstarfshæfni.
- Hæfileikar til að vinna að fjölbreyttum verkefnum í krefjandi starfsumhverfi.
- Sérhæfing á sviði eignarréttar og reynsla af störfum stjórnsýslunefnda er æskileg.

Helstu verkefni munu felast í undirbúningi að úrskurðum óbyggðanefndar auk annarra tilfallandi verkefna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun verða samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Umsóknir ásamt greinargóðum upplýsingum um menntun og starfsferil skulu sendar óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík, eða á netfangið: postur@obyggdanefnd.is.

**Umsóknarfrestur er til 9. september 2013.**

Umsóknir gilda í sex mánuði frá birtingu þessarar auglýsingar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Magnússon, framkvæmdastjóri, í síma 563 7000.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# LÖGFRÆÐINGUR

## Samtök atvinnulífsins leita að lögfræðingi með áhuga á vinnurétti og málefnum vinnumarkaðarins til starfa á vinnumarkaðssviði samtakanna.

**Helstu verkefni:**
- Lögfræðileg ráðgjöf og þjónusta við aðildarfyrirtæki SA, einkum á sviði vinnuréttar
- Gerð og túlkun kjarasamninga

**Menntun og hæfni:**
- Meistarapróf/embættispróf í lögfræði eða BA/BS próf í lögfræði/viðskiptalögfræði auk viðbótarmenntunar eða reynslu sem nýtist í starfi
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði

Verkefni vinnumarkaðssviðs eru túlkun laga og kjarasamninga, gerð kjarasamninga, umsagnir og þátttaka í nefndum og stjórnum f.h. SA, málflutningur fyrir Félagsdómi og almennum dómstólum f.h. samtakanna og aðildarfyrirtækja þeirra auk þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Hjá SA starfa nú 5 lögfræðingar.

**Upplýsingar veitir Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA, í síma 821 0019.**

Umsóknir berist á skrifstofu SA í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík eða með tölvupósti til ragnar@sa.is
**Umsóknarfrestur er til og með 6. september nk.**

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs og málsvari atvinnurekenda í hagsmunamálum þeirra. Innan SA eru sjö aðildarsamtök sem starfa á grunni atvinnugreina. Aðild að SA eiga um 2.000 smá og stór fyrirtæki þar sem starfa u.þ.b. 50.000 starfsmenn eða um helmingur launamanna á almennum vinnumarkaði á Íslandi.

Samtök atvinnulífsins hafa það meginmarkmið að skapa fyrirtækjum hagstæð rekstrarskilyrði, vera öflugur málsvari atvinnulífsins í landinu og veita aðildarfyrirtækjum sínum góða þjónustu.

**Nánari upplýsingar um Samtök atvinnulífsins er að finna á vef SA: www.sa.is**




# Ert þú með Alt undir Ctrl?

NÝHERJI

**Nýherji er eitt öflugasta tæknifyrirtæki landsins. Við leitum að snillingum sem hafa brennandi áhuga á tækni og búa yfir metnaði til að fara fram úr væntingum viðskiptavina.**

### Reynslumikill kerfisstjóri
Starfið felst í daglegum rekstri á eigin kerfum og viðskiptavina, s.s. uppsetningar, breytingar, ráðgjöf, viðhald og rekstur.

**Hæfniskröfur:**
- A.m.k. 3 ára reynsla af kerfisrekstri.
- Góð þekking á rekstri stýrikerfa og Windows netþjóna.
- Þekking á Citrix, Vmware og/eða HyperV er kostur.
- Góð samskiptafærni og rík þjónustulund.
- Tæknilegar vottanir og háskólamenntun eru kostur.

### Sérfræðingur í netkerfum
Starfið felst í viðhaldi og rekstri á netkerfum viðskiptavina og viðhaldi og endurbótum á netkjarna Nýherja.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af störfum í upplýsingatækni.
- Áhugi og þekking á netkerfum.
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi.
- Þekking á Linux og sjálfvirknivæðingu er kostur.
- Cisco sérfræðigráður eru kostur.

### VMware sérfræðingur
Starfið felst í fjölbreyttri þjónustu við VMware hugbúnaðarlausnir, t.d. uppsetningar, breytingar, bilanagreiningar og ráðgjöf.

**Hæfniskröfur:**
- Góð tæknikunnátta ásamt þekkingu á rekstri stýrikerfa.
- VMware VCP5 gráða er æskileg.
- Aðrar tæknilegar vottanir kostur, t.d. MSCA og CCNA.
- Reynsla af rekstri Vmware umhverfa er kostur.
- Þekking á vélbúnaði og bilanagreiningu er kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. september 2013.** Sótt eru um störfin á vef Nýherja, **nyherji.is/atvinna**. Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Nánari upplýsingar veitir **Elva Tryggvadóttir, sérfræðingur starfsmannaþjónustu, elva.tryggvadottir@nyherji.is**

**Hjá Nýherja starfar samhentur hópur starfsmanna að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við leggjum áherslu á sterka liðsheild, uppbyggingu þekkingar og framúrskarandi þjónustu. Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals um 550 starfsmenn á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð.**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## KRABBAMEINSLÆKNINGAR

## Deildarlæknar

Á krabbameinsmeðferðareiningum Landspítala eru laus störf tveggja deildarlækna til eins árs, með möguleika á framlengingu. Starfshlutfall er 80-100% og veitast störfin frá 1. október 2013 eða eftir samkomulagi.

Starfsvettvangur er á legudeild, geislameðferðardeild og dagdeild eftir ákveðnu fyrirkomulagi. Starfið er unnið í þéttri samvinnu við sérfræðilækna deildanna og felur m.a. í sér teymisvinnu með öðrum starfsstéttum og sérgreinum spítalans.

Viðkomandi deildarlæknir mun fá sérstakan leiðbeinanda sem er sérfræðingur í krabbameinslækningum. Leiðbeinandinn mun funda reglulega um flóknari og erfiðari tilfelli ásamt því að vinna með viðkomandi að góðri framþróun í námi og starfi.

Starfið hentar vel fyrir lækna sem hafa hug á að leggja fyrir sig krabbameinslækningar.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Þjálfun í greiningu og meðferð sjúklinga með illkynja sjúkdóma
» Þátttaka í kennslu og vísindastarfi

### Hæfnikröfur

» Íslenskt lækningaleyfi
» Reynsla í lyflækningum er góður kostur
» Góð færni í mannlegum samskiptum og öguð vinnubrögð

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 14. september 2013.
» Upplýsingar veita Helgi Sigurðsson, yfirlæknir, helgisi@landspitali.is, sími 824 5406 og Jakob Jóhannsson, yfirlæknir, jakobjoh@landspitali.is, sími 825 5146.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og lækningaleyfi.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Jakobi Jóhannssyni, yfirlækni geislameðferðar, LSH Hringbraut-10K.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## SKURÐLÆKNINGADEILD
## HJARTA- LUNGNA- OG AUGNSKURÐDEILD

## Hjúkrunarfræðingar

Laus eru til umsóknar störf hjúkrunarfræðinga á skurðlækningadeild 12G og hjarta- lungna- og augnskurðdeild 12E.

Deildirnar eru frábærar fyrir hjúkrunarfræðinga sem vilja öðlast góða faglega færni í að sinna fjölbreyttri, krefjandi og spennandi hjúkrun.

Leitað er eftir jákvæðum, duglegum og metnaðarfullum hjúkrunarfræðingum sem er tilbúnir að leggja okkur lið við að móta framúrskarandi hjúkrunarþjónustu. Á deildinni ríkir góður starfsandi, hátt hlutfall reyndra hjúkrunarfræðinga og einhugur um að taka vel á móti nýjum hjúkrunarfræðingum til starfa.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Hjúkrunarfræðingurinn ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu.

### Hæfnikröfur

» Faglegur metnaður
» Góð samskiptahæfni
» Sjálfstæði í vinnubrögðum

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 7. september 2013.
» Starfshlutfall er 60-100%, vaktavinna.
» **Upplýsingar fyrir skurðlækningadeild** veitir Elín María Sigurðardóttir, deildarstjóri, elinmsig@landspitali.is, sími 824 5914.
» **Upplýsingar fyrir hjarta- lungna- og augnskurðdeild** veitir Kolbrún Gísladóttir, deildarstjóri, kolbgisl@landspitali.is, sími 824 5294.
» Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## --- HÁSETA VANTAR! ---

Vanan háseta vantar á 280 tonna línubát með beitningarvél.

**Upplýsingar í síma: 897-7915**

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

## Aðstoðarmaður sjúkraþjálfara

Sunnuhlíð hjúkrunarheimili í Kópavogi óskar eftir aðstoðarmanni fyrir sjúkraþjálfara í 70% framtíðarstarf.

Aðstoðarmaður sjúkraþjálfara aðstoðar sjúkraþjálfara við undirbúning meðferðar og þjálfun skjólstæðinga.

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur góða samskiptahæfileika og á gott með að vinna sjálfstætt og skipulega.
Tölvukunnátta nauðsynleg. Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun, reynslu og/eða þekkingu sem nýtist í starfinu.

Vinnutími er 8:30 – 14:00 alla virka daga.

Nánari upplýsingar veita Sigurbjörg eða Eva, sjúkraþjálfarar í síma 560 4172 eða í netföngunum sigurbjorg@sunnuhlid.is og eva@sunnuhlid.is.

emmessís

## Emmessís ehf leitar að starfsmönnum

Emmessís ehf. leitar að vönum lagermanni með lyftarapróf og reynslu af birgðahaldi. Helstu verkefni eru tiltekt pantana, utanumhald á lager og frágangur á vörum. Einnig er viðkomandi hluti af talningateymi. Við leitum að duglegum einstaklingi með góða þjónustulund. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Við leitum einnig að öflugum einstaklingi með meirapróf og góða þjónustulund við sölu og dreifingu á vörum fyrirtækisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir sendist á elin@emmessis.is eigi síðar en miðvikudaginn 4. september.**

# Við leitum að hressum, liprum og hraustum einstaklingum

### DEKKJAÞJÓNUSTA

Við óskum eftir þjónustuliprum einstaklingum til að sinna viðskiptavinum okkar á dekkjaverkstæði ... ekki verra ef þú hefur reynslu.

Í starfinu felst einna helst að sjá um umfelganir, dekkjaviðgerðir og að brosa til viðskiptavina.

### BÍLVIÐGERÐIR

Einnig vantar okkur einstaklinga á verkstæðið okkar, en þar sinnum við ýmsum viðgerðum. Hér gildir góð þjónustulund og jákvætt viðmót.

Endilega sendu inn umsókn fyrir 1. september á starf@vakahf.is

VAKA er eitt fjölhæfasta bílaþjónustufyrirtæki landsins.

Dekkjaþjónusta | Bifreiðaverkstæði | Varahlutir | Bifreiðaflutningar | Úrvinnsla bíla | Smurþjónusta

VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG

HEIMKAUP

## Erum við að leita að þér?

**Það er ekki bara vöruúrvalið sem eykst hjá okkur á Heimkaup.is**

**Öflugur starfsmaður**
Starfssvið er afgreiðsla í sýningarsal og á lager ásamt útkeyrslu á sendingum. Bæði um fullt starf og vaktavinnu að ræða.

**Hvað færð þú?**
Skemmtilegan og krefjandi vinnustað og yndislegt samstarfsfólk í nýju fyrirtæki á Íslandi.

**Hæfniskröfur**
• Hæfni til að vinna vel undir álagi.
• Þekking á raftækjum, tölvum og öllu sem er stungið í samband er mikill kostur!
• Við leitum að samviskusamri manneskju með hreint sakavottorð og gilt bílpróf.
• Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

**Heimkaup** er nýtt og spennandi fyrirtæki sem á sér ekki hliðstæðu hér á landi. Heimkaup er vöruhús með sýningarsal og vefverslun. Viðskiptavinum gefst kostur á að skoða mikið úrval af vörum úr ýmsum vöruflokkum á hagstæðu verði, ganga frá pöntun og greiðslu á netinu - og fá vöruna senda heim.



Umsóknum ásamt mynd og ferilskrá skal skila á umsokn@heimkaup.is

**STÁL~ORKA**
SKIPAVIÐGERÐIR
HVALEYRARBRAUT 37 220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 565-0399 GSM 892-7687

## Stálorka óskar eftir

Stálorka óskar eftir að ráða menn til framtíðarstarfa vana smíði úr ryðfríu stáli og áli. Aðalstarfsvið er smíði á búnaði í skip og báta. Hægt er að senda inn umsóknir á **stalorka@simnet.is** eða hafa samband við Benedikt í síma 8927687 á virkum dögum milli 8 og 18.

## -- Aðstoðarkona óskast --

Líkamlega og andlega hraust kona, hjartahlý, skilningsrík og róleg á aldrinum 30 – 60 ára óskast til að aðstoða langveika 34 ára gamla konu. Vinnan felst í að fara út í búð, fara út að ganga með hund, þrifum, keyrslu og öðru sem til fellur. Einnig er óskað eftir tilfinningalegum stuðningi. Vinnutími yrði óreglulegur og gæti hentað heimavinnandi konu eða konu sem er í námi. Viðkomandi þarf að hafa frjálsan tíma til að geta komið með frekar stuttum fyrirvara. Engu að síður yrði gert vinnuskipulag eins og hægt er. Mjög gott væri ef viðkomandi hefði reynslu úr heilbrigðisgeiranum. Unnið verður eftir hugmyndinni um notendastýrða persónulega aðstoð. Áhugasamir geta sent umsóknir á netfangið **adstodarkona@gmail.com.**

## Móttökuritari á lögmannsstofu

OPUS lögmenn leita að móttökuritara í framtíðarstarf.
Um er að ræða **100%** starfshlutfall, vinnutíminn er frá kl. 9.00 til 17.00.

Starfið felst í símvörslu, móttöku viðskiptavina, ýmsum verkefnum fyrir lögmenn stofunnar, sem og umsjón með kaffiaðstöðu og tengdum þáttum.

Við leitum að einstaklingi sem hefur að bera ríka þjónustulund, hæfileika til mannlegra samskipta, vilja til að takast á við fjölbreytt verkefni, er úrræðagóður, sem og jákvæður og líflegur í fasi.

*Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.*

- Umsóknarfrestur er til og með **29. ágúst 2013.**
- Umsóknir merktar „Móttaka“, ásamt ferilskrá skulu sendast á **opus@opus.is**

OPUS LÖGMENN
Austurstræti 17 / 101 Reykjavík

## Erum við að leita að þér?

Við leitum að einstaklingi sem er:

- Þjónustulundaður
- Sjálfstæður í vinnubrögðum
- Klár í mannlegum samskiptum
- Með almenna tölvukunnáttu
- Stundvís
- Jákvæður og drífandi

Nánari upplýsingar veitir Eydís Sigurðardóttir í síma 861-9179
Umsóknir sendist á eydis@krumma.is
Umsóknarfrestur er til 1. september

KRUMMA
WWW.KRUMMA.IS 587-8700

## CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt. Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.**

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent



# Verkís leitar að öflugum liðsmönnum

Vegna aukinna umsvifa í Noregi óskar bygginga- og umhverfissvið Verkís að ráða starfsmenn til starfa að verkefnum í Noregi. Verkís er með útibú í Osló og fer vinnan fram bæði í Noregi og á Íslandi.

**Rafmagnsverkfræðingur / -tæknifræðingur**
Verkefni á sviði rafkerfa í byggingum, veggöngum og í virkjunum, í lágspennu og í smáspennu.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í rafmagnsverkfræði / eða -tæknifræði.
- Minnst tveggja ára starfsreynsla að námi loknu.
- Verður að geta skrifað og tjáð sig á norsku.
- Reynsla af Revit Electrical/MagiCad og Autocad æskileg.

**Lagnahönnuður**
Verkefni á sviði lagna- og loftræsihönnunar í byggingum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í vélaverkfræði / -tæknifræði. eða byggingarverkfræði / -tæknifræði.
- Minnst tveggja ára starfsreynsla í lagnahönnun að námi loknu.
- Reynsla af Revit MEP og Autocad æskileg.

Leitað er eftir jákvæðum einstaklingum sem hafa hæfni i mannlegum samskiptum og sýna sjálfstæði, metnað og frumkvæði í starfi. Nánari upplýsingar veitir Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa um 350 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Verkís, www.verkis.is, fyrir 2. september nk.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum er svarað.

VERKÍS
Ármúla 4 | www.verkis.is | verkis@verkis.is | 422 8000

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Dómvörður, öryggisvörður | Héraðsdómur Reykjavíkur | Reykjavík | 201308/062 |
| Hjúkrunarfr. í sykursýkismóttöku | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201308/061 |
| Verslunarstjóri | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | Dalvík | 201308/060 |
| Aðferðafræðingur | HÍ, menntavísindastofnun | Reykjavík | 201308/059 |
| Verkefnastjóri | HÍ, menntavísindastofnun | Reykjavík | 201308/058 |
| Aðstoðarlæknir, deildarlæknir | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201308/057 |
| Geislafræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201308/056 |
| Vélamaður | Vegagerðin | Reyðarfjörður | 201308/055 |
| Lögfræðingur | Óbyggðanefnd | Reykjavík | 201308/054 |
| Gagnanörd með XML þekkingu | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201308/053 |
| Iðjuþjálfi, sjúkraþjálfari | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201308/052 |
| Iðjuþjálfi | LSH, barna og unglingageðdeild | Reykjavík | 201308/051 |
| Yfirlæknir | LSH, röntgendeild | Reykjavík | 201308/050 |
| Deildarlæknar | LSH, lyflækningar krabbameina | Reykjavík | 201308/049 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, bráðalyflækningadeild | Reykjavík | 201308/048 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, skurðlækningadeild 12G | Reykjavík | 201308/047 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, hjarta-, lungna- og augnskurðd | Reykjavík | 201308/046 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Fjarðabyggð | 201308/045 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á Akureyri | Akureyri | 201308/044 |

# Spennandi tækifæri

Gólflagna fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu vill ráða metnaðarfullan mann til framtíðarstarfa. Þarf að vera í líkamlega góðu ástandi. Æskilegur aldur 20 til 25 ára. Þarf að hafa hreint sakavottorð,ökuréttindi og aðstæður til að geta ferðast innanlands.
Góð laun og starfsumhverfi fyrir duglegan einstakling .

**Vinsamlegast sendið tölvupóst á golfefni@gmail.com**

## Starfsmaður óskast á sjúkraþjálfunarstöð

Um er að ræða framtíðarstarf við Sjúkraþjálfunarstöðin ehf, Þverholti 18, 105 Reykjavík.

Óskað er eftir starfsmanni í hlutastarf og er vinnutími frá Kl.12.00-17.00
Starfsmaður mun sjá um tímapantanir, símvörslu, aðstoða sjúkraþjálfara og um daglega ræstingu.

Leitum að einstaklingi sem hefur góða samskiptahæfileika, er skipulagður og getur unnið sjálfstætt.

**Umsóknarfrestur er til 10 september 2013.**

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Skriflegar umsóknir, þar sem fram kemur menntun, reynsla og fyrri störf skulu sendast á box@frett.is merkt **„Starfsmaður-2408**



# FJÁRMÁLASTJÓRI

